

Varðar lán úr Orkusjóði vegna borunar eftir
volgu vatni fyrir klakstöð við Myrkurtjörn í
Mosfellshreppi

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-80/15

Varðar umsókn um lán úr orkusjóði
vegna borunar eftir volgu vatni
fyrir klakstöð við Myrkurtjörn
í Mosfellshreppi.

Lítið hefur verið gert af því að bora eftir volgu vatni fyrir klakstöðvar og því ekki á mikilli reynslu að byggja í þeim efnum. Vegna nálægðar við jarðhitann í Mosfellssveit eru þó talðar líkur á, að þetta gæti heppnast á þeim stað sem hér um ræðir. Hitastigull er líklega það hár, að misgengi, ef þau eru á annað borð til, gætu leitt um 10-15°C heitt vatn ofan 150 m dýpis. 150 m djúpa holu mætti staðsetja við misgengi, sem liggur rétt við klakstöðina og slíka holu mætti bora með lofthamri langleiðina í 100 m, en dýpka síðan með snúningsbor. Verð slíkrar holu áætla jarðboranir um 5 m.kr. miðað við að fóðringu sé sleppt. Aðalóvissan liggur í því hvort misgengið sé lekt. Það teldum við góðan árangur ef 8-10 l/s fengjust úr einni holu. Meiri líkur eru á að vatnsmagnið yrði minna og djúpdælu þyrfti til að auka rennslið að því marki sem við mætti búa. Jarðhitadeild er því meðmælt að þessi tilraun verði gerð.